

# Leiðbeiningar um uppsetningu

EasyPlank+, Nordic Deck og Cosmo Deck

## Áður en hafist er handa

- / Við móttöku skal ávallt ganga úr skugga um að gæði, magn og mál séu í samræmi við það sem pantað var.
- / Ekki er hægt að skila vörum sem teknar hafa verið í notkun eða sem hefur verið breytt.
- / Eingöngu skal nota upprunalega Wimex-fylgihluti (klemmur, skrúfur o.s.frv.).

## Aðlögun

Við mælum með því að látið sé lofta um borðin á notkunarstað. Með þeim hætti ná borðin að aðlaga sig að hitastigi umhverfisins á 72 klukkustundum.

Borðin innihalda tré, sem er lifandi efni, og því þarf að leyfa þeim að aðlagast því loftslagi sem þau verða notuð í. Best er að setja borðin upp við hitastig sem ekki er lægra en +10 gráður.

## Bil á milli bita

Mælt er með eftirfarandi, hlutfallslegu hámarksbili á milli bita við venjulegar notkunaraðstæður:

- / EasyPlank+ Að hámarki 600 mm C/C (þykkir prófílar; 450 mm C/C)
- / Nordic Deck Að hámarki 400 mm C/C
- / Cosmo Deck Að hámarki 400 mm C/C

Fyrir atvinnustarfsemi eða almenningssvæði, eða þegar leggja skal bitana í öðru horni en 90 gráður, skal minnka ofangreind bil um að minnsta kosti 100 mm.

## Kröfur um undirlag


Undirlagið þarf að vera stöðugt, jafnt og slétt auk þess sem góð loftun þarf að vera til staðar undir borðunum (a.m.k. 25 mm á milli neðri hliðar borðanna og undirlagsins).

## Niðurföll/drengöt

Reynið að hafa halla á fletinum í þá átt sem borðin liggja, a.m.k. 6,0 mm á hvern metra. Ef ekki er hægt að hafa halla á fletinum skal bora nægilega mikið af Ø8 mm drengötum neðan í borðin til þess að komast hjá uppsöfnun vatns í rásunum.

Mikilvægt er að drengötin séu gerð skáhallt horna á milli eftir lengd borðanna til að viðhalda styrk- og stöðugleika þeirra. Ef öll drengötin eru gerð í beinni línu eftir miðju borðinu veikir það borðið.

Hægt er að styðjast við neðangreint við gerð drengata:



## Bil

Innbyrðis bil á milli borðanna ætti að vera 7 mm. (Þetta bil kemur sjálfkrafa með T-tengjunum). Hið sama á við um bil á milli enda borðanna.

Við fasta byggingarluta (múrverk, staura og þvíumlíkt) skulu að lágmarki vera 7 mm við langhliðar borðanna og að lágmarki 15 mm við enda borðanna.

## Útpensla

Borð úr efnisblöndu þenjast út í hita og skreppa saman í kulda. Við uppsetninguna þarf að gera ráð fyrir að borðin geti stækkað, og minnkað, um 6 mm á lengdina við hitasveiflu upp á 30°C.

Hitapanstuðullinn er 0,05 mm/°C á hvern lengdarmetra .

(4 metra borð mun því lengjast um u.þ.b. 6 mm ef hitastig við uppsetningu var 10°C og hækkar upp í 40°C.)

## Upphafs-/endatengi og T-tengi

Upphafs-/endatengi eru fest í beinni línu eftir lengd borðanna svo hægt sé að ýta fyrsta borðinu á réttan stað. Sjá mynd 1.

Ávallt skal nota 1 T-tengi á hvern bita.

## Samskeyti


Notið 2 T-tengi við samskeyti. Verið getur að það þurfi að skeyta saman bita við samskeytin. Sjá mynd 2.

## Hreyfing

Til að lágmarka hreyfingu á langveginn skal festa hvert borð með ryðfrírri skrúfu í miðjuna á hverjum bita. Bora skal í 45 gráður fyrir skrúfunni í nótina svo að skrúfan sjáist ekki. Sjá mynd 3.




Byrjið á því að festa upphafs-/endatengi í beinni línu eftir lengd borðanna og leggið niður fyrstu röðina.



Notið 1 T-tengi á hvern bita innbyrðis á milli borðanna og notið 2 T-tengi við samskeytin. *ATH: Tvöfaldur biti við samskeyti.*



Síðasta borðaröðin er fest með upphafs-/endatengjum eða með skráskotnum skrúfum (munið að bora fyrir þeim) í nótinni.



Hægt er að haga frágangi með ýmsum hætti. Til dæmis má nota endakappa sem límdir eru með öflugum, veðurþolnum lími.

---

**moland**®//WIMEX

Wimex ApS / Strandvejen 16 / DK-7800 Skive

[www.wimex.dk](http://www.wimex.dk) / Netfang: [info@wimex.dk](mailto:info@wimex.dk) / Sími: +45 8741 2200